

# 259. KIRKJURÁÐSFUNDUR

ÞRIÐJUDAGUR 17. JANÚAR 2017 KL 9:30

haldinn á Biskupsstofu, Reykjavík.

---

## FUNDARGERÐ

---

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.
2. Fjármál
  - a) Fundargerð fjármálahóps 12.01.2017.
  - b) Fjárhagsáætlanir biskupsstofu, stofnana og sjóða 2017, endurskoðun í ljósi afgreiðslu fjárlaga 2017 og fjárukalaga II 2016.
  - c) Vígslubiskup Hólum – starfsmannamál, svar við erindi.
  - d) Vígslubiskup Hólum – ósk um endurskoðun framlags.
3. Fasteignir
  - a) Reykhólar – prestsetur, skýrsla til Kirkjuráðs.
  - b) Hraungerði, uppsögn ábúðar.
  - c) Hraungerði, tilboð í hluta jarðarinnar.
  - d) Vatnsstígur 3, heilsustúdíó, samþykkisumsókn.
  - e) Vatnsstígur 3, málssókn vegna leyfis til rekstrar á veitingahúsi/bar.
  - f) Áskirkja – útleiga húsnæðis, kynning
  - g) ISOR – rannsóknarleyfi, umsókn.
  - h) Vindorka í Snæfellsbæ, forathugun og stefnumótun í aðalskipulagi – kynning fyrir landeigendum.
  - i) Málefni Staðastaðar, kröfur sóknarprests, tillaga að uppgjöri.
  - j) Breiðabólstaður og Uppsalir Rangárþingi ytra, staðfesting samkomulags um jarðamörk.
4. Laugavegur 31, tillaga um að fasteignin verði sett í sölumeðferð.
5. Kynning á rýmisathugun, Arnór Skúlason arkitekt.
6. Vígslubiskupskjör í Skálholti. Tillaga forseta ráðsins um kjördag, skv. ákvörðun síðasta fundar kirkjuráðs.
7. Önnur mál.

---

## 1. FUNDARSETNING OG FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

---

Fundurinn hófst á Biskupsstofu kl. 9:30. Mætt voru auk Agnesar M. Sigurðardóttur biskups og forseta kirkjuráðs, kirkjuráðsmennirnir Stefán Magnússon, Svana Helen Björnsdóttir, séra Gísli Jónasson varamaður séra Gísla Gunnarssonar í forföllum hans og Séra Geir Waage varamaður séra Elínborgar Gísladóttur í forföllum hennar.

Jafnframt sátu fundinn Oddur Einarsson framkvæmdastjóri kirkjuráðs og Guðrún Finnbjarnardóttir sem ritaði fundargerð. Þá sat fundinn undir lið 2. a. Magnhildur Sigurbjörnsdóttir verkefnisstjóri á biskupsstofu.

---

## 2. FJÁRMÁL

---

a) *Fundargerð fjármálahóps 12.01.2017.*

**Tekinn fyrir 1. liður**, Jöfnunarsjóður. Fyrir liggur tillaga fjármálahóps um aukaúthlutun úr sjóðnum að fjárhæð 100 m.kr. Umræður urðu um tillöguna og komu fram ýmis sjónarmið. Fram kom tillaga um að aukaúthlutunin byggði á sérstakri umsókn vegna fjárhagslegra örðugleika og biskupsstofa fylgdi því eftir til að aðstoða umsækjendur við að vinna bug á erfiðleikum. Samþykkt var að fresta ákvörðun til næsta fundar og fjármálahópur vinni að undirbúningi málsins milli funda. Umræða varð um hrun á tekjustofnum sjóðsins vegna skerðingar sóknargjaldsins í ljósi yfirstandandi dómsmáls þar sem ríkissjóði hefur verið stefnt til ógildingar á lögum í sóknargjöld. Leitað verði leiða til að kanna hvort kirkjan geti stefnt ríkissjóði vegna skerðingar á sóknargjöldum.

**Tekinn fyrir 2. liður**, framlög úr Jöfnunarsjóði til annarra sjóða vegna hruns, áætlun um endurgreiðslu. Lögð fram skýringatafla um framlögin. Samþykkt að fela fjármálahópnum að vinna að málinu og leggja fram á næsta fundi.

**Tekinn fyrir 3. liður**, styrkbeiðni frá Hinu íslenska biblíufélagi. Fjármálahópur kirkjuráðs leggur til við kirkjuráð að Hinu íslenska biblíufélagi verði veittur styrkur að fjárhæð 1,5 m.kr. til að styðja við rekstur félagsins. Styrknum fylgja einlægar óskir um að félaginu megi takast að hámarka árangur sinn af hinu mikilvæga starfi félagsins. Styrknum fylgja jafnframt óskir um að félagið leggi allan kraft sinn í að ná til þeirra sem erfa munu land, með því að huga að skipulagi sínu og starfsaðferðum í því skyni að virkja þá krafta atvinnulífsins sem eru hliðhollir og vinveittir kirkjunni og þeim kjarna hennar sem biblían geymir og geta hugsað sér að koma til liðs við félagið. Styrkveitingin samþykkt.

**Tekinn fyrir 4. liður**, framlög til Hólastaðar. Framlag til Guðbrandsstofnunar að fjárhæð 1,5 millj. kr. virðist hafa fallið niður í fjárhagsáætlun Kristnisjóðs fyrir árið 2017. Samþykkt að leiðrétta úthlutunina og veita 1,5 m.kr. framlag til Guðbrandsstofnunar.

**Tekinn fyrir 5. liður**, fjármálahópur vekur athygli á að niðurfelling á eftirstöðvum skuldar Skálholts við Kirkjumálasjóð sem samþykkt var árið 2014 að fjárhæð um 8,7 millj. kr. hefur fallið niður í fjárhagsáætlun Kirkjumálasjóðs fyrir árið 2017. Samþykkt að bæta framlaginu inn í áætlun sjóðsins.

**Tekinn fyrir 6. liður**, fjárhagsáætlun frá fræðslusviði. Framkvæmdastjóra falið að skoða málið í samráði við fræðslusvið og starfsmenn biskupsstofu.

**Tekinn fyrir 7. liður**, framlag til skýrnarfræðslunefndar. Kirkjuráð samþykkir framlag að fjárhæð 200.000 kr.

- b) *Fjárhagsáætlanir biskupsstofu, stofnana og sjóða 2017, endurskoðun í ljósi afgreiðslu fjárlaga 2017 og fjáráukalaga II 2016.*

Lagt fram yfirlit sem sýnir uppgjör gagnvart fjárheimildum, bráðabirgðastaða 2016, áhrif á áætlanir 2017.

Kirkjuráð telur ekki ástæðu til að endurskoða fjárhagsáætlanir þær sem samþykktar voru á desemberfundi í ljósi stöðunnar en vísar til tillögu fjármálahóps um aukaúthlutun úr Jöfnunarsjóði sókna.

*Vígslubiskup Hólum – starfsmannamál, svar við erindi.*

Lagt fram til kynningar. Kirkjuráð leggur til að framkvæmdastjóra verði í samráði við biskup Íslands falið að leggja mat á umsvif biskupsþjónustu vígslubiskupanna og hvaða kostnaður fylgi henni. Í framhaldi af því mati verði málið tekið upp á vettvangi kirkjuráðs og ákveðið hvaða fjárheimildir sé eðlilegt að fylgi þessari starfsemi.

- c) *Vígslubiskup Hólum – ósk um endurskoðun framlags.*

Kirkjuráð vísar til afgreiðslu á 4. lið í máli 2. a.

---

### 3. FASTEIGNIR

---

- a. *Reykholar – prestsetur, skýrsla til Kirkjuráðs.*

Lagt fram til kynningar. Kirkjuráð felur framkvæmdastjóra og fasteignasviði að vinna að ásættanlegri úrlausn málsins.

- b. *Hraungerði, uppsögn ábúðar.*

Uppsagnarbréf lagt fram. Kirkjuráð felur framkvæmdastjóra og fasteignasviði ásamt kirkjustarfhópi að kanna möguleika á nýtingu jarðarinnar.

- c. *Hraungerði, tilboð í hluta jarðarinnar.*

Lögð fram yfirlýsing tveggja einstaklinga. Framkvæmdastjóra falið að upplýsa þá um þann feril sem málið fer í eftir uppsögn ábúenda og að áhugi þeirra verði lagður til grundvallar hagsmunamati við sölu jarðarinnar.

- d. *Vatnsstígur 3, heilsustúdíó, samþykkisumsókn.*

Lögð fram skjöl vegna málsins. Fram kom að fallið hefði verið frá fyrirætlunum um rekstur á veitingahúsi / bar í húsnæðinu. Kirkjuráð samþykkir fyrir sitt leyti umsókn um leyfi til reksturs á heilsustúdíói í húsnæðinu.

- e. *Vatnsstígur 3, málssókn vegna leyfis til rekstrar á veitingahúsi/bar.*

Lögð fram yfirlýsing um fyrirætlun eigenda að Vatnsstíg 3 og 3b um að stefna Reykjavíkurborg til ógildingar leyfis til reksturs veitingahúss / bars í húsnæðinu. Kirkjuráð samþykkir að Kirkjumálasjóður taki þátt í málssókninni sem eigandi að lóðarréttindum.

- f. *Áskirkja – útleiga húsnæðis, kynning.*

Lagt fram bréf sóknarnefndar Áskirkju um málið.

g. *ISOR – rannsóknarleyfi, umsókn.*

Lagt fram bréf sem sent var kirkjuráði varðandi uppsetningu jarðskjálftamæla við utanverðan Eyjafjörð. Málið var kynnt kirkjuráðsmönnum með tölvupósti og að því búnu var það samþykkt. Kirkjuráð staðfestir samþykktina.

h. *Vindorka í Snæfellsbæ, forathugun og stefnumótun í aðalskipulagi – kynning fyrir landeigendum.*

Lagt fram til kynningar. Málið gefur ekki tilefni til ályktunar kirkjuráðs.

i. *Málefni Staðastaðar, kröfur sóknarprests, tillaga að uppgjöri.*

Tillagan lögð fram og kynnt. Fram kom að ekki hefðu borist viðbrögð við henni frá sóknarpresti eða lögmanni hans.

j. *Breiðabólstaður og Uppsalir Rangárþingi ytra, staðfesting samkomulags um jarðamörk.*

Lögð fram skjöl varðandi málið. Kirkjuráð samþykkir samkomulagið og áritar skjölin því til staðfestingar.

---

#### 4. LAUGAVEGUR 31, TILLAGA UM AÐ FASTEIGNIN VERÐI SETT Í SÖLUMEÐFERÐ

---

Lögð fram tillaga framkvæmdastjóra ásamt greinargerð. Kirkjuráð samþykkir tillöguna með öllum greiddum atkvæðum. Forseti kirkjuráðs situr hjá við afgreiðsluna.

---

#### 5. KYNNING Á RÝMISATHUGUN VEGNA HUGSANLEGS TILBOÐS Í FASTEIGNINA BRÆÐRABORGARSTÍGUR 16

---

Arnór Skúlason arkitekt og verkefnisstjóri fasteignasviðs kynnti athugun sína.

---

#### 6. VÍGSLUBISKUPSKJÖR Í SKÁLHOLTI

---

Kirkjuráð fól á 258. fundi forseta sínum að undirbúa ákvörðun ráðsins um kjördag og leggja fyrir næsta fund. Forseti kirkjuráðs reifaði málið. Fram kom að í ljósi þess að komandi framhaldskirkjuþing 25. febrúar n.k. hefði starfsreglur um biskupskjör á dagskrá sinni væri rétt að bíða ákvörðunar kirkjuþings áður en kjördagur væri ákveðinn.

---

#### 7. ÖNNUR MÁL

---

a) *Ályktun miðsvetrarfundar vígðra þjóna í Reykjavíkúrprófastsdæmi eystra*  
varðandi niðurgreiðslur vegna prestastefnu 2017. Ályktunin lögð fram.

b) *Starfsmaður kirkjuþings.*

Forseti kirkjuráðs reifaði ályktun kirkjuþings 2016 um málið. Fram kom að framkvæmdastjóra kirkjuráðs hefði verið falið að hafa samráð við forseta kirkjuþings um að koma ályktun kirkjuþings í framkvæmd.

c) *Málefni Skálholts.*

- i. Fram kom fyrirspurn um hvort ástæða væri til að endurmeta leigugjald ábúenda Skálholtsjarðarinnar í ljósi núverandi aðstæðna í Skálholti. Framkvæmdastjóra var falið að koma á framfæri fyrirspurn til rekstrarstjórnar Skálholts um málið.
- ii. Uppbyggingarverkefni í Skálholti. Fram kom tillaga um að kirkjan mótaði sér stefnu um uppbyggingu í Skálholti sem yrði meðal annars fjármögnuð með sölu á eignum sem ekki nýtast til kirkjulegrar starfsemi.

d) *Starfsskýrslur presta.*

Fram kom fyrirspurn um hvort verið væri að vinna að uppfærslu á skýrslugrunni til að skýrslur nýttust við söfnun upplýsinga um kirkjulega starfsemi. Spurt var hvort mögulegt væri að skýrsluskil verði tengd við greiðslu embættiskostnaðar til að tryggja skilin.

e) *Frumvarp til nýrra þjóðkirkjulaga.*

Fram kom að löggjafarnefnd kirkjuþings hefði boðið próföstum kynningu á drögum að frumvarpinu á aukahéraðsfundum. Viðtökur hefðu verið dræmar og aðeins einn prófastur hefði þekkt það boð innan tilskilins frests. Þau viðbrögð komu við málinu frá þeim kirkjuráðsmönnum sem tjáðu sig að í prófastsdæmunum í Reykjavík væri vilji til að halda sameiginlegan fund um málið. Þá kom fram að þær raddir hefðu komið fram hjá landsbyggðar-próföstum að erfitt væri um vik að koma á slíkum fundum á þessum árstíma og tíminn naumur.

Önnur mál komu ekki fram.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:00

Næsti fundur er áætlaður 14. febrúar 2017

---

Agnes M. Sigurðardóttir biskup,  
forseti kirkjuráðs.

---

Oddur Einarsson,  
framkvæmdastjóri kirkjuráðs.

---

séra Gísli Jónasson.

---

séra Geir Waage.

---

Stefán Magnússon.

---

Svana Helen Björnsdóttir.